



Sandgerðisbær

Fjárhagsáætlun Sandgerðisbæjar

2015 - 2018

Seinni umræða í bæjarstjórn 2. desember 2014



2015 - 2018

Efnisyfirlit

| | |
|--|----|
| Inngangur | 2 |
| Markmið við fjárhagsáætlunargerð..... | 2 |
| Forsendur fjárhagsáætlunar | 3 |
| A- og B-hluti bæjarsjóðs | 5 |
| A hluti – aðalsjóður og eignasjóður..... | 6 |
| 00 Skatttekjur | 6 |
| 02 Félagsþjónusta | 6 |
| 04 Fræðslu- og uppeldismál | 7 |
| 05 Menningarmál | 8 |
| 06 Æskulýðs- og íþróttamál | 8 |
| 07 Brunamál- og almannavarnir | 8 |
| 09 Skipulags- og byggingamál | 9 |
| 10 Umferðar- og samgöngumál | 9 |
| 11 Umhverfismál | 9 |
| 13 Atvinnumál | 10 |
| 20 Framlög til B-hluta fyrirtækja | 10 |
| 21 Sameiginlegur kostnaður | 10 |
| 31 Eignasjóður | 11 |
| 33 Þjónustustöð | 11 |
| B – hluta fyrirtæki..... | 11 |
| 41 Hafnarsjóður | 11 |
| 43 Vatnsveita | 11 |
| 57 Félagslegar íbúðir | 12 |
| 61 Fráveita | 12 |
| 31 Framkvæmdir / fjárfestingar | 12 |
| Fjárhagsáætlun 2015 - 2018..... | 12 |

Inngangur

Á fundi bæjarráðs 29. október var fjárhagsáætlun Sandgerðisbæjar fyrir árin 2015 til 2018 vísað til fyrri umræðu bæjarstjórnar sem fram fór 4. nóvember. Bæjarstjórn vísaði áætluninni til áframhaldandi vinnslu í bæjarráði og á fundi sínum 25. nóvember afgreiddi bæjarráð áætlunina til seinni umræðu í bæjarstjórn en fundurinn fer fram nú 2. desember. Fjárhagsáætlunin og greinargerð um hana er hér lögð fram með þeim breytingum sem orðið hafa á milli fyrri og seinni umræðu.

Vinna við fjárhagsáætlun hófst 26. ágúst með samþykktum bæjarráðs um markmið og vinnutilhögun við gerð fjárhagsáætlunar fyrir árin 2015 til 2018. Vinnan hefur farið fram á fundum bæjarráðs, óformlegum fundum bæjarstjórnar, þar á meðal fundi með stjórnendum stofnana og málaflokka, fundum fagráða, hjá deildarstjórum, fjármálastjóra og bæjarstjóra. Auk þess var haldinn opinn íbúafundur um fjárhagsáætlunina 20. nóvember.

Markmið við fjárhagsáætlunargerð

Á 602. fundi bæjarráðs var samþykkt að eftirfarandi markmið skyldu höfð að leiðarljósi við fjárhagsáætlunargerðina:

1. Að bæjarfélaginu sé stýrt með ábyrgri fjármálastjórn og áfram lögð áhersla á lækkun skulda og rekstrarlegt jafnvægi.
 - 1.1 Stefnt er að því að þriggja ára rekstrarjafnvægi náist árin 2017 til 2019.
 - 1.2 Stefnt er að því að skuldir og skuldbindingar sem hlutfall af rekstrartekjum verði komnar niður fyrir 150% árið 2019.
2. Að bætt staða bæjarsjóðs muni skila sér í lægri álögum á bæjarbúa.
 - 2.1. Skoðað verði með hvaða hætti er hægt að mæta þessu markmiði á fjárhagsáætlunartímabilinu.
 - 2.2. Auka viðhaldsverkefni og nýframkvæmdir eftir því sem tók eru á.
3. Að bæjarfélagið veiti íbúum góða og áreiðanlega þjónustu.
 - 3.1 Stuðla að góðri grunnþjónustu og annarri nauðsynlegri þjónustu.
 - 3.2 Gera áætlun um fegrun umhverfis, gróðurbelti og útivistarsvæði.
 - 3.3 Gera áætlun um göngustíga og malbikun gatna.
 - 3.4 Gera áætlun um merkingar og framkvæmd þeirra.

3.5 Gera áætlun um frárennismál sem miðist við að framkvæmdir við útrásarlögn verði lokið á kjörtímabilinu.

3.6 Vinna með lánastofnunum að lausn húsnæðisvanda í bæjarfélaginu.

Til þess að ná fram markmiðum um ábyrgja fjármálastjórn samþykkti bæjarráð að veltufé frá rekstri skyldi standa undir afborgunum skulda, skuldbindinga og fjárfestinga, leitast skyldi við að rekstrarútgjöld myndu ekki aukast umfram verðlagsbreytingar og kjarasamningshækkunar launa, verðbæta gjaldskrár og þjónustugjöld með hliðsjón af vísitölu í janúar 2014, stýra skyldi viðhaldsverkefnum skynsamlega og fjárfestingum haldið innan skynsamlegra marka.

Forsendur fjárhagsáætlunar

Við gerð fjárhagsáætlunarinnar var unnin uppfærsla á 10 ára aðlögunaráætlun, útkomuspá fyrir árið 2014 var höfð til hliðsjónar, unnin tekjuáætlun, launaáætlun, viðhaldsáætlun og fjárfestingaáætlun.

Samkvæmt ákvæðum í 16. gr. reglugerðar nr. 502/2012 um fjárhagsleg viðmið og eftirlit með fjármálum sveitarfélaga var á árinu 2012 unnin 10 ára aðlögunaráætlun að fjárhagslegum markmiðum sveitarstjórnarlaga fyrir bæjarfélagið. Í áætluninni frá 2012 var gert ráð fyrir að viðmiðum um rekstrarjafnvægi sbr. 1. tölul. 2. mgr. 64. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 yrði náð í lok fjárhagsársins 2017 og viðmiðum um skuldahlutfall sbr. 2. tölul. 2. mgr. 64. gr. sömu laga við lok fjárhagsársins 2021. Aðlögunaráætlunin hefur verið uppfærð árlega með hliðsjón af fjárhagsáætlun hvers árs. Í fyrirbyggjandi aðlögunaráætlun kemur fram að viðmiðum um rekstrarjafnvægi verður náð í lok árs 2017 og viðmiðum um skuldahlutfall verður náð 2019. Þá er veltufé frá rekstri yfir þeim mörkum sem skilyrt eru í lánasamningi við Íslandsbanka.

Í fjárhagsáætlun fyrir árið 2014 er gert ráð fyrir að rekstrarniðurstaða A og B hluta verði neikvæð sem nemur 39,2 mkr. Útkomuspá sýnir verri rekstrarniðurstöðu eða -72 mkr. Skýrist mismunurinn einkum af tvennu. Annars vegar er skráð virði skuldbindingar við Fasteign 23 mkr. lægri en raunvirði miðað við mitt ár 2014, og hins vegar komu til útgjöld (viðauki við fjárhagsáætlun) sem ekki reyndist unnt að mæta með tilfærslum milli liða eða lækkun annars kostnaðar.

Útkomuspáin sýnir að laun hækka umfram fjárhagsáætlun 2014 um 6,8% eða úr 651 mkr. í 695 mkr. Hækkunin er vegna kjarasamninga ársins 2014 og munu áhrif þeirra samninga koma að fullu inn á árinu 2015 auk þess sem kjarasamningshækkunar verða umtalsverðar á árinu 2015. Útkomuspáin sýnir að tekjur hækka ekki til samræmis við útgjöld og er áætluð hækkun 1,4% eða 22 mkr.

Helstu tekjustofnar Sandgerðisbæjar eru útsvarstekjur, fasteignagjöld, framlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga og aðrar þjónustutekjur. Tekjuáætlunin byggir á eftirfarandi forsendum:

Bæjarráð gerir tillögu um að útsvarshlutfallið sé fullnýtt og verði á árinu 2015 14,52%. Gert er ráð fyrir að útsvarstekjur nemi 631 mkr.

Bæjarráð gerir tillögu um að fasteignagjöld (fasteignaskattur, lóðarleiga, vatnsgjald, fráveita, sorphirðugjöld) verði eftirfarandi:

Fasteignaskattur af íbúðarhúsnæði verði óbreyttur eða 0,5% af fasteignamati. Áætlaðar tekjur eru 53 mkr.

Fasteignaskattur af atvinnuhúsnæði verði óbreyttur eða 1,65% af fasteignamati. Áætlaðar tekjur 364 mkr.

Fasteignaskattur af opinberu húsnæði verði óbreyttur eða 1,32%. Áætlaðar tekjur 9,8 mkr.

Lóðarleiga íbúðarhúsnæðis verði óbreytt eða 1,50% af mati lóðar. Áætlaðar tekjur 10,4 mkr.

Lóðarleiga atvinnuhúsnæðis verði óbreytt eða 2% af mati lóðar. Áætlaðar tekjur 5,3 mkr.

Vatnsgjald lækki úr 0,30% í 0,2% af fasteignamati húss og lóðar. Áætlaðar tekjur 24 mkr.

Fráveitugjald hækki úr 0,30% í 0,40% af fasteignamati húss og lóðar. Áætlaðar tekjur 49,6 mkr.

Sorphirðugjald verði óbreytt eða 14.225 kr. fyrir hverja tunnu.

Sorpeyðingargjald verði óbreytt eða 23.210 kr. fyrir hverja fasteign.

Afsláttur af fasteignaskatti til elli- og örorkulífeyrisþega verði hækkaður sem nemur hækkun á neysluerðsvísitölu milli ára. Áætlað er að afslátturinn nemi 3,5 mkr.

Þá leggur bæjarráð til að gjaldskrá hækki um 3,4% og að eftirfarandi breytingar verði gerðar á gjaldskrá:

Hádegisverður eldri borgara verði niðurgreiddur um 5%. Áætlað er að niðurgreiðslan nemi 200 þúsund kr.

Hádegisverður grunnskólabarna verði niðurgreiddur um 40%. Áætlað er að niðurgreiðslan nemi 8,5 mkr.

Niðurgreiðslur vegna dagvistunar hjá dagforeldrum verði hækkuð um 15% eða úr 29.400 í 35.000 kr. miðað við 8 tíma vistun. Áætlað er að niðurgreiðslan nemi 2,7 mkr.

Gjaldskrá samkomuhúss verði einfölduð eins og sjá má í meðfylgjandi gjaldskrá. Jafnframt er lagt til að félagasamtök geti fengið húsið án endurgjalds einu sinni á ári en greiði fyrir þrif.

Hirðing garða lækki og verði 4.000 kr. fyrir ellilífeyrisþega og öryrkja allt að tvisvar sinnum á sumri.

Í gjaldskrá íþróttamiðstöðvar verði fellt út „frítt er í sund fyrir börn að 18 ára aldri“. Þess í stað komi gjaldskrárliður undir „Sundlaug“ 1 skipti fyrir börn á aldrinum 6 til 18 ára 200 kr. Frítt fyrir börn að 6 ára aldri.

Börn á aldrinum 6 til 18 ára, aldraðir og öryrkjar sem lögheimili eiga í Sandgerði fá frítt í sund gegn framvísun skírteinis.

Frístunda- og forvarnastyrkir til foreldra vegna þátttöku barna á aldrinum 4 til 18 ára í íþrótt- og tómsundastarfi hækki úr 27 þúsund kr. í 30 þúsund kr. á ári.

Þá er lagt til að Íþróttamiðstöðin verði opin á hluta helgidaga ársins en lokað hefur verið alla helgidaga. Á móti verði sundlauginni lokað kl. 20.30 á veturna í stað 21.00 eins og verið hefur.

Launaáætlun 2015 gerir ráð fyrir að meðaltali 7% hækkun milli ára vegna kjarasamninga. Samtals er gert ráð fyrir að laun, launatengd gjöld og lífeyrisskuldbindingar nemi 744 mkr.

Fjárfestingaáætlun 2015 gerir ráð fyrir 40 mkr. útgjöldum í nýframkvæmdir og fjárfestingar.

Áætlaður heildarkostnaður vegna viðhalds á árinu 2015 er 46 mkr.

Fjárhagsáætlun ársins 2015 er framreiknuð fyrir árin 2016 til 2018 miðað við fyrirliggjandi upplýsingar um þróun verðlags og launa. Gert er ráð fyrir fjárfestingum í áætlun ársins 2015 en hún hefur ekki verið áætluð eða framreiknuð árin á eftir.

A- og B-hluti bæjarsjóðs

Fjárhagsáætlanirnar samanstanda af A-hluta; aðalsjóði og eignasjóði, og B-hluta; fjárhagslega sjálfstæðum rekstrareiningum í eigu sveitarfélagsins, þ.e. hafnarsjóði, fráveitu, vatnsveitu, félagslegum íbúðum og bílastæðasjóði.

Gert er ráð fyrir að rekstrarniðurstaða A- og B-hluta án fjármagnsliða verði jákvæð um 144,1 mkr. en með fjármagnsliðum verði hún neikvæð um 55,1 mkr. Þessar niðurstöður eru innan skekkjumarka 10 ára aðlögunaráætlunar.

Gert er ráð fyrir að rekstrarniðurstaða aðalsjóðs, A-hluta, fyrir fjármagnsliði verði jákvæð um 69,9 mkr. en rekstrarniðurstaða með fjármunatekjum og fjármagnsgjöldum verði neikvæð um 57,9 mkr.

Gert er ráð fyrir að heildartekjur ársins 2015 nemi 1.684 mkr. sem er aukning um tæp 3% miðað við útkomuspá ársins 2014.

Gert er ráð fyrir að laun og launatengd gjöld nemi 744,3 mkr. og hækki um 7% miðað við útkomuspá ársins 2014. Í lok nóvember 2014 voru 151 starfsmenn á launaskrá í 103 stöðugildum auk 53 nefndarmanna.

Gert er ráð fyrir að annar rekstrarkostnaður nemi 635,6 mkr. sem er lækkun um 0,5% miðað við útkomuspá ársins 2014.

Gert er ráð fyrir að afskriftir nemi 160,2 mkr. og eru þær nánast óbreyttar frá árinu 2014.

Áætlað er að veltufé frá rekstri nemi 216,1 mkr. Veltuféð stendur þannig undir samanlagðri fjárhæð samningsbundinna afborgana skulda, skuldbindinga og fjárfestinga eins og gert er ráð fyrir í markmiðum sem sett voru við gerð áætlunarinnar. Samanlagt nema þessir þættir 215,5 mkr. Hækkun á handbæru fé verður því 600 þúsund kr.


Áætlaðar heildargreiðslur afborgana, vaxta og verðbóta af lánum nema 286 mkr.

Áætlað er að í lok árs 2015 verði skuldahlutfallið 196,9%.

Hér á eftir verður gerð grein fyrir rekstrinum. Við samanburð milli ára verður stuðst við útkomuspá enda sýnir hún betur raunkostnað á árinu 2014 en fjárhagsáætlunin.

A hluti – aðalsjóður og eignasjóður

00 Skatttekjur



Áætlaðar skatttekjur nema 1.033 mkr. og hækkar um 5,4% milli ára. Skatttekjur samanstanda af útsvari, fasteignagjöldum og lóðarleigu.

Útsvarið er stærstur hluti skatttekna og er gert ráð fyrir að það nemi 631 mkr. en var áætlað 594 mkr. á árinu 2014 samkvæmt útkomuspá.

Áætlaðar tekjur vegna fasteignaskatts nema 436 mkr. sem er aukning um rúmar 22 mkr. eða 5% frá fyrra ári. Hækkunin umfram fasteignamatshækkun, 8 mkr., er vegna nýrra fasteigna sem koma til mats á árinu.

Lóðarleiga er áætluð nema 15,8 mkr.

Áætluð framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga að frátöldum framlögum vegna málefna fólks með fötlun og framlögum til húsaleigubóta eru 179 mkr. en voru skv. útkomuspá 2014 169 mkr. eða 5,9% hækkun. Áætluð framlög vegna málefna fólks með fötlun eru tæpar 32 mkr.

02 Félagsþjónusta

Áætluð rekstrarniðurstaða félagsþjónustunnar fyrir Sandgerðisbæ er 144 mkr. og er það 5,8% lækkun milli ára. Áætluð heildarútgjöld félagsþjónustusvæðis Sandgerðis, Garðs og Voga eru 343 mkr. og heildartekjur 199 mkr. Áætlaður launakostnaður félagsþjónustunnar er tæpar 182 mkr. en er áætlaður nema 179 mkr. á árinu 2014. Hækkunin nemur 1,7%. Hlutfall launa í heildarkostnaði málaflokksins nemur 53%.

Félagsleg aðstoð er áætluð nema 29,8 mkr. og er svo til óbreytt frá fyrra ári. Undir þennan lið fellur fjárhagsaðstoð, húsaleigubætur, aðstoð til ungs fólks og afsláttur á fasteignagjöldum til elli- og örorkulífeyrisþega. Áætlað er að fjárhagsaðstoð nemi 19 mkr. en er í úkomuspá ársins 2014 19,6 mkr.

Við vinnslu fjárhagsáætlunar var gerður samanburður við önnur sveitarfélög á greiðslum vegna fjárhagsaðstoðar til framfærslu. Í framhaldi af því leggur bæjarráð til að kvarðinn verði ekki uppreiknaður miðað við vísitölu um áramót ásamt því að greiðsla til einstaklinga sem búa í foreldrahúsum verði lækkuð úr 79.400 í 51.800 kr. Greiðslurnar taka mið og eru hlutfall af greiðslum Tryggingastofnunar vegna örorkugreiðslna.

Þjónusta við börn og unglinga er áætluð nema 29,4 mkr. og er nánast óbreytt frá fyrra ári. Helstu útgjöld sem falla undir þennan lið tengjast fósturun barna en þar er gert ráð fyrir að kostnaður nemi 18,3 mkr. sem er lækkun um 1,6 mkr. frá fyrra ári.

Þjónusta við aldraða er áætluð nema 36,8 mkr. og hækkar frá fyrra ári um 3%. Helstu kostnaðarliðir eru félagsstarf aldraðra 27,1 mkr., heimaþjónusta 3,9 mkr. og rekstarframlög til DS 5,8 mkr.

Þjónusta við fatlað fólk er áætluð nema 23,3 mkr. umfram tekjur og lækkar frá fyrra ári um 10,5 mkr. Þar af nemur liðveisla og ferðaþjónusta 13,2 mkr. en ekki koma til sérmerkt framlög frá Jöfnunarsjóði vegna þessarar þjónustu.

Heildargjöld í áætlun Sandgerðisbæjar vegna sameiginlegrar þjónustu á Suðurnesjum við fólk með fötlun nemur 161,2 mkr. Heildartekjur eru 151,1 mkr. sem skiptist þannig að Jöfnunarsjóður greiðir 81,6 mkr. og hin fjögur sveitarfélögin á svæðinu greiða 69,5 mkr. Þá er rétt að fram komi að ákveðinn hluti útsvars 1,2% rennur beint í málaflokkinn þar af fer 0,25% beint til sveitarfélaganna sem eru um 10 til 11 mkr. í okkar tilviki, þannig að jafnvægi er í útgjöldum og tekjum árið 2015 vegna þeirrar þjónustu sem fluttist frá ríki til sveitarfélaga.

04 Fræðslu- og uppeldismál

Áætluð útgjöld vegna fræðslu og uppeldismála eru 722,4 mkr., og er það 3,6% hækkun milli ára. Launakostnaður grunnskóla, tónlistarskóla, skólasels, skólabókasafns og fræðsluráðs er áætlaður 305,6 mkr. Annar rekstrarkostnaður nemur 428 mkr., þar af er innri leiga 230 mkr. og rekstur leikskólans 130,5 mkr.

Helstu útgjaldaliðir fræðslu- og uppeldismála:

Til Grunnskóla Sandgerðis er áætlað að verja 510,1 mkr. sem er 5,3% hækkun frá útkomuspá ársins 2014. Undir þennan lið fellur auk grunnskólans rekstur skólasels og skólabókasafns. Launakostnaður er áætlaður 276,5 mkr.

Til reksturs Leikskólans Sólborgar eru áætlaðar 164,4 mkr. sem er 1,9% hækkun frá fyrra ári. Greiðslur vegna samnings við Hjalla ehf. nema 130,5 mkr. og innri leiga er 33,7 mkr.

Til Tónlistarskóla Sandgerðis eru áætlaðar 33,9 mkr. sem er lækkun um 4,3 mkr. frá fyrra ári og skýrist það af lækkun launakostnaðar vegna veikinda. Launakostnaður er áætlaður 27,8 mkr. Innri leiga er áætluð 4,7 mkr.

05 Menningarmál

Áætluð útgjöld vegna menningarmála eru 43,9 mkr. sem er 7,2% hækkun milli ára. Undir menningarmál fellur m.a. samkomuhús 18,3 mkr., almenningsbókasafn 8 mkr. og Sandgerðisdagar 5,4 mkr., stuðningur við Lionsklúbbinn, Listatorg og Kvenfélagið Hvöt 4,4 mkr., þar af er innri leiga 2,8 mkr.

06 Æskulýðs- og íþróttamál

Áætluð útgjöld vegna æskulýðs- og íþróttamála eru 174,6 mkr. sem er 3,3% aukning frá fyrra ári. Launakostnaður er áætlaður nema 70,6 mkr.

Helstu útgjaldaliðir æskulýðs- og íþróttamála:

Til vinnuskóla og sumarvinnu unglinga er áætlað að verja 14 mkr. sem er óbreytt frá fyrra ári.

Til Skýjaborgar er áætlað að verja 8,5 mkr. Launakostnaður er 5,4 mkr., innri leiga 2,1 mkr.

Til sumarnámskeiða barna er áætlað að verja 0,9 mkr. Undir þennan lið falla leikjanámskeið, skólagarðar og fleiri námskeið og afþreying fyrir börn.

Til íþróttamiðstöðvar er áætlað að verja 105,1 mkr. sem er hækkun um tæp 2,4% milli ára. Launakostnaður nemur 40,8 mkr. Innri leiga vegur þyngst í rekstri íþróttamiðstöðvarinnar og er 64,7 mkr. Tekjur íþróttamiðstöðvar er áætlaðar nema 21,4 mkr. þar af nema reiknuð afnot 14,7 mkr.

Til Knattspyrnufélagsins Reynis er áætlað að verja 17,2 mkr. þar af eru tæpar 2,8 mkr. í barna- og ungmennastarf, 600 þúsund í körfuknattleiksdeild, 380 þúsund í sunddeild, 8 mkr. til starfsemi meistaraflokks og samkomulags um umsjón og viðhald á íþróttasvæði. Að auki 5,4 mkr. vegna niðurfellingar fasteignagjalda og afnota af íþróttasölum og sundlaug.

Til Golfklúbbs Sandgerðis er áætlað að verja tæpum 2,5 mkr. Þar af eru 1,4 mkr. vegna sumarvinnu á golfvelli, 600 þúsund kr. til unglingastarfs auk niðurfellingar fasteignagjalda að fjárhæð 480 þúsund kr.

Til forvarna er áætlað að verja 6,8 mkr. þar af 5 mkr. í frístunda- og forvarnastyrki og 1,5 mkr. til frístundastarfs.

07 Brunamál- og almannavarnir

Áætlaður kostnaður vegna brunamála og almannavarna er 24,6 mkr. sem er 3,4% lækkun frá árinu áður. Undir þennan lið fellur þátttaka í rekstri slökkviliðs, stuðningur við Björgunarsveitina Sigurvon og innri leiga húsnæðis og búnaðar sem nemur 6,7 mkr.

Helstu útgjaldaliðir brunamála- og almannavarna:

Til Brunavarna Suðurnesja er áætlað að verja 19 mkr. Þá er gert ráð fyrir að samkvæmt samningi milli aðila fái BS 5 mkr. lokagreiðslu vegna samnings milli aðila og samnings Sandgerðisbæjar við Isavia.

Til björgunarsveitarinnar Sigurvonar er áætlað að verja 3,2 mkr. þar af er 1,5 mkr. starfsstyrkur. Annar kostnaður er vegna niðurfellingar fasteignagjalda 530 þúsund kr., flugeldasýningar og brennu 1,2 mkr.

08 Hreinlætismál

Áætlað er að heildarútgjöld til hreinlætismála nemi 1,1 mkr. Áætlað er að tekjur vegna sorphirðingar og sorpeyðingar standi undir útgjöldum. Aðrir liðir sem falla undir hreinlætismál eru meindýraeyðing 0,5 mkr. og gámapjónusta.

09 Skipulags- og byggingamál

Áætlað er að útgjöld vegna skipulags og byggingarmála nemi 25,8 mkr. sem er hækkun um 8,7 mkr. frá 2014. Gert er ráð fyrir viðbótarstarfsmanni auk hærri kostnaðar vegna deiliskipulags.

Helstu útgjaldaliðir skipulags- og byggingarmála:

Til skipulagsmála eru áætlaðar 3,6 mkr.

Til byggingaefirlits eru áætlaðar 13,2 mkr. Undir þann lið fellur starfsmanna- og nefndarkostnaður.

Vegna lóða og lendna eru áætlaðar 9 mkr. Helstu liðir eru tækni- og lögfræðipjónusta 3 mkr., fasteignagjöld 3,5 mkr. af lóðum sveitarfélagsins auk 2,5 mkr. vegna innri leigu af ýmsum jörðum.

10 Umferðar- og samgöngumál

Áætluð útgjöld vegna umferðar- og samgöngumála er 86,8 mkr. sem er 3,9% lækkun frá fyrra ári. Undir málaflokkinn fellur leiga á götum, götulýsing, viðhald gatna, snjómokstur og samgöngur milli Sandgerðis, Sveitarfélagsins Garðs og Reykjanesbæjar.

Helstu útgjaldaliðir umferðar- og samgöngumála:

Til gatnakerfis eru áætlaðar 65,7 mkr. og er þar eingöngu um að ræða innri leigu.

Til viðhalds og reksturs gatnakerfis eru áætlaðar 5 mkr.

Til umferðaröryggismála eru áætlaðar 9,3 mkr. og er þar að mestu um að ræða kostnað vegna götulýsingar.

Til snjómoksturs og hálkvarna eru áætlaðar 2,4 mkr. Hér er að mestu um að ræða útselda vinnu þjónustustöðvar vegna snjómoksturs.

Til almenningsgangna eru áætlaðar 3,5 mkr. sem er lækkun um 6,2 mkr. Lækkun er vegna breytinga á almenningsgangukerfi innan Suðurnesja. Áætlað er að verja 3 mkr. í niðurgreiðslu á farmiðum fyrir börn og unglinga.

11 Umhverfismál

Áætlaður kostnaður vegna umhverfismála er 36,5 mkr. og er það 15,5% hækkun frá 2014. Helstu kostnaðarliðir eru rekstur leikvalla, umhirða bæjarins og innri leiga. Kostnaðaraukning umfram verðlagsbreytingar er vegna hækkunar á innri leigu og viðhaldi leikvalla og opinna svæða.

Helstu útgjaldaliðir umhverfismála:

Til almenningsgarða eru áætlaðar 7,6 mkr. sem er innri leiga garðsins í kringum Vörðuna.

Til opinna svæða og umhverfis gatna eru áætlaðar 18,3 mkr. Undir þennan lið fellur hreinsun og umhirða bæjarins, leikvelli, Yndisgróður, og innri leiga opinna svæða sem nemur 6,8 mkr.

Til útvístarsvæða er áætlað að verja 6,1 mkr. en tjaldsvæðið, Geopark og ferðamannavegur fellur undir þennan lið. Innri leiga þjónustuhússins er stærsti hlutinn í kostnaðinum eða 3,3 mkr.

13 Atvinnumál

Áætlað er að verja 17,5 mkr. til atvinnumála sem er hækkun um 8 mkr. milli ára. Hækkunin er vegna innri leigu á Garðvegi 1 en hana láðist að setja inn í útkomuspá ársins 2014. Áætlað er að framlag Sandgerðisbæjar til Náttúrustofu Suðvesturlands verði 2,3 mkr. og að sameiginlegur stuðningur sveitarfélaga á Suðurnesjum verði 2,3 mkr. Aðrir liðir sem eru í þessum málaflokki eru Þekkingarsetur Suðurnesja 3 mkr. vegna umsjónar með sýningum á Garðvegi 1 og framlag vegna viðhalds hússins 2,2 mkr. Annar kostnaður er m.a. vegna kostnaðarþátttöku Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum.

20 Framlög til B-hluta fyrirtækja

Áætluð framlög til B-hluta fyrirtækja eru 5,5 mkr. vegna félagslegra íbúða.

21 Sameiginlegur kostnaður

Áætluð útgjöld vegna sameiginlegs kostnaðar eru 150,8 mkr. og er það aukning um 1,8% milli ára. Laun og launatengd gjöld eru áætluð nema 75,5 mkr. sem er 1,4 mkr. hækkun milli ára. Undir þennan lið falla laun starfsmanna bæjarskrifstofu og laun bærstjórnarfulltrúa.

Helstu útgjaldaliðir sameiginlegs kostnaðar:

Til meðferðar sveitarstjórnarmála er áætlað að verja 25,3 mkr. Helstu kostnaðarþættir eru endurskoðun, kostnaður vegna bærstjórnar og bæjarráðs.


Til skrifstofu bæjarfélagsins er áætlað að verja 106,1 mkr. Helstu útgjaldaliðirnir eru rekstur bæjarskrifstofu 78,3 mkr. þar af er innri leiga 7,2 mkr. og launakostnaður 54,2 mkr., rekstur Vörðunnar 22,5 mkr. þar af er innri leiga 18,6 mkr., innheimtukostnaður staðgreiðslu er 3,5 mkr.

Til kynningarmála er áætlað að verja 1,9 mkr. þar af í auglýsingar 1,3 mkr.

Til ýmissa útgjalda eru liðir sem falla þvert á málaflokka og er kostnaður áætlaður 7,7 mkr. Stærsti liðurinn þar er ófyrirséð 3 mkr., lögfræðikostnaður og annar sérfræðikostnaður 3,4 mkr.

Eftirfarandi mynd sýnir hlutfallslega skiptingu rekstrarniðurstöðu málaflokkanna í aðalsjóði:

Skipting reksturs málaflokka í aðalsjóði



■ Félagþjónusta ■ Fræðslu-og uppeldismál ■ Menningarmál
■ Æskulýðs-og uppeldismál ■ Skipulags-og byggingarmál ■ Umhverfismál
■ Sameiginlegur kostnaður ■ Aðrir málaflokkar

31 Eignasjóður

Undir eignasjóð fellur allur rekstur fasteigna í eigu bæjarfélagsins. Húsaleiga eignasjóðs er reiknuð að fullu miðað við þær reglur sem endurskoðendur leggja til. Við útreikning á leigu er tekið mið af afborgunum lána, afskriftum, viðhaldi og fasteignagjöldum. Leigutekjur eignasjóðs eru áætlaðar nema 479,2 mkr. á árinu 2015. Um er að ræða húsaleigu sem millifærast að stærstum hluta í aðalsjóð.

33 Þjónustumiðstöð

Þjónustumiðstöðin (áhaldaús) tilheyrir eignasjóði. Heildarkostnaður við rekstur þjónustumiðstöðvar að frádregnum tekjum er áætlaður 16 mkr. á árinu 2015. Tekjur eru áætlaðar 13 mkr. Launakostnaður nemur 18 mkr., annar rekstrarkostnaður 9 mkr. og afskriftir 2 mkr.

B – hluta fyrirtæki

41 Hafnarsjóður

Áætlaðar tekjur hafnarsjóðs eru 94,4 mkr. sem er nokkru lægra en á yfirstandandi ári. Gert er ráð fyrir 3,4% hækkun gjaldskrár að aflagjaldi undanskyldu sem lagt er til að haldist óbreytt eða 1,6% af aflaverðmæti. Ríflega helmingur tekna er vegna aflagjaldsins. Heildarrekstrarkostnaður er áætlaður 70,2 mkr., þar af eru afskriftir 8,6 mkr. Fjármagnsliðir eru 32,4 mkr. Samkvæmt þessu er rekstrar-niðurstaðan neikvæð um 8,2 mkr. Áætlaðar afborganir höfuðstóls langtímalána á árinu eru 26,2 mkr. Áætlað er að verja 10 mkr. í fjárfestingar á höfninni. Skuldir hafnarsjóðs við lánastofnanir eru áætlaðar nema 425 mkr. í árslok 2015 auk 46,3 mkr. skuldar við aðalsjóð.

43 Vatnsveita

Áætlaðar tekjur vatnsveitu eru 30,6 mkr. eða 18,8% lægri en á árinu áður. Heildarrekstrarkostnaður er áætlaður nema 15,7 mkr. þar af eru afskriftir 4,9 mkr. Fjármagnsliðir nema 10,5 mkr. Rekstrar-niðurstaða er áætluð jákvæð um 4,4 mkr. Áætlaðar afborganir höfuðstóls langtímalána á árinu eru 7,6 mkr. Til þess að standa undir greiðslum vegna lána er gengið á eigið fé vatnsveitunnar um 6 mkr. Í lok árs 2015 er inneign vatnsveitu hjá aðalsjóði áætluð nema 29 mkr. Skuldir vatnsveitu við lánastofnanir eru áætlaðar nema 159 mkr. í árslok 2015.

57 Félagslegar íbúðir

Tekjur af 16 félagslegum íbúðum eru áætlaðar nema 16 mkr. Heildarrekstrarkostnaður er áætlaður sá sami og tekjur eða 16 mkr., þar af eru afskriftir 3,4 mkr. Fjármagnsliðir eru áætlaðir 9,2 mkr. Rekstrarniðurstaða félagslegra íbúða er áætluð neikvæð sem nemur 3,7 mkr. að teknu tilliti til 5,5 mkr. framlags aðalsjóðs. Leiguverð mun hækka sem svarar vísitölu neysluverðs. Áætlaðar afborganir höfuðstóls langtímalána eru 5,2 mkr. á árinu 2015. Heildarskuldir félagslegra íbúða eru áætlaðar nema 183 mkr. í árslok 2015.

61 Fráveita

Áætlaðar tekjur fráveitu eru 49,4 mkr. Heildarrekstrarkostnaður er áætlaður nema 14,8 mkr. þar af eru afskriftir 9,6 mkr. Fjármagnsliðir eru 18,9 mkr. Rekstrarniðurstaða fráveitu er áætluð jákvæð um 15,7 mkr. Áætlaðar afborganir höfuðstóls langtímalána eru 10,4 mkr. Skuldir fráveitu við lánastofnanir eru áætlaðar nema 244 mkr. í árslok 2015. Skuld fráveitu við aðalsjóð lækkar milli ára um tæpar 7 mkr. og er áætluð í árslok 11,5 mkr. Gert er ráð fyrir 15 mkr. í fjárfestingu á árinu.

31 Framkvæmdir / fjárfestingar

Gert er ráð fyrir 40 mkr. í fjárfestingar á árinu 2015. Fjárfestingar í fráveitu eru áætlaðar nema 15 mkr., í hafnarsjóði 10 mkr. og eignasjóði 15 mkr.

Fjárhagsáætlun 2015 - 2018

Fjárhagsáætlun árána 2015 - 2018 hefur verið unnin í samræmi við markmið og samþykktir sem gerðar voru í upphafi vinnunnar á bæjarráðsfundi 26. ágúst sl. Áætlun árána 2016 til 2018 er framreiknuð miðað við áætlunina 2015.

Veltufé frá rekstri, þ.e. rekstrarniðurstaða að frádregnum afskriftum, ógreiddum verðbótum og breytingum á lífeyrisskuldbindingum, árið 2015 er áætlað 12,8% eða 216 mkr. og stendur undir afborgunum skulda, skuldbindinga og fjárfestinga.

Rekstrarútgjöld hækka ekki umfram verðlagsbreytingar og samningsbundnar hækkanir launakostnaðar.

Laun og launatengd gjöld eru 44% af heildartekjum.

Framlegð (EBITDA), þ.e. rekstrarniðurstaða án afskrifta og fjármagnsgjalda í hlutfalli af tekjum er 18,1% eða 304 mkr.

Fjárhagsáætlunin stenst eins og áður hefur komið fram langtímaáætlanir um rekstrarjöfnuð og skuldahlutfall innan veitts 10 ára aðlögunartíma frá setningu nýrra sveitarstjórnarlaga árið 2011.

Óvissuþættir sem kunna að hafa áhrifa á fjárhagsáætlunina eru verðbólga og breytingar á kjarasamningum.

Þá þarf líkt og fyrri ár að gæta fyllsta aðhalds í rekstri bæjarfélagsins.